








Hrútur og Unnur 1-8 kafli

HELSTU SÖGUPERSÓNUR:

					
Hrútur	Höskuldur	Hallgerður	Gunnhildur	Unnur	Mörður gígja
Verður getulaus	Pabbi Hallgerðar	Falleg með sítt hár	Móðir Noregskonungs	Dóttir Marðar	Góður í lögum

ÞAÐ SEM GERIST:



Hrútur og Höskuldur eru bræður. Höskuldur á dóttur sem heitir Hallgerður (mjög mikilvæg í sögunni). Hrútur segir að Hallgerður hafi þjófsaugu.



Hrútur vill giftast Unni. Höskuldur fer og biður Mörð, pabba Unnar um að Hrútur fái að giftast henni. Mörður segir já Hrútur fer út til Noregs (út af því að einhver dó og það þarf að ganga frá arfi). Unnur bíður eftir honum í þrjá vetur (=3 ár).



Hrútur gerist hirðmaður konungs, og sefur hjá Gunnhildi konungsmóður. Hann fer líka í víking og drepur Atla og fleiri berserki. Gunnhildur spyr Hrút hvort hann eigi konu heima á Íslandi en hann neitar. Hún leggur þá á hann álög og gerir hann getulausan.



Hrútur fer heim til Íslands og giftist Unni. Hann fær heimanmund (=peninga) við það að giftast henni. Unnur verður óánægð í kynlífslausu hjónabandi, skilur við hann og fer heim til Höskuldar, pabba síns.



Mörður gígja sem er mjög góður í lögum reynir að ná aftur peningunum (heimamundnum) sem Hrútur er með. Hrútur skorar Mörð á hólmi (=vill berjast við hann) en Mörður þorir því ekki. Hrútur heldur peningunum

Hrútur og Unnur 1-8 kafli

AF HVERJU SKIPTIR ÞESSI SAGA MÁLI:

- 1) Hallgerður er kynnt til sögunnar og því er spáð að hún verði þjófur
- 2) Þessi deila um peninga mun tengja saman aðalpersónur sögunnar sem ekki enn eru komnar til sögunnar.

TEXTI ÚR SÖGUNNI SEM GOTT ER AÐ KUNNA:

„Mörður hét maður er kallaður var gígja.“ – upphaf Njálssögu

„Ærið fögur er mær sjá og munu margir þess gjalda. En hitt veit eg eigi hvaðan þjófsaugu eru komin í ættir vorar.“ – spá um að Hallgerður verði þjófur en slíkt var mjög skammarlegt

PERSÓNULÝSINGAR ÚR KAFLANUM:



„Hann var ríkur höfðingi og málafylgjumaður mikill og svo mikill lögmaður að engir þóttu löglegir dómar dæmdir nema hann væri við.“



„Hún var væn kona og kurteis og vel að sér og þótti sá bestur kostur á Rangárvöllum.“



„Hrútur var vænn maður, mikill og sterkur, vígur vel og hógvær í skapi, manna vitrastur, hagráður við vini sína en tillagagóður hinna stærri mála.“



„Hún var fríð sýnum og mikil vexti og hárið svo fagurt sem silki og svo mikið að það tók ofan á belt.“